

Akureyrarbær
Anna Bragadóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. janúar 2013
Tilvísun: UST20121100153/ksj

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi - Giljaskóli og Borgarbraut.

Vísað er til erindis skipulagsdeildar Akureyrarbæjar er barst 29. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Giljahverfis sunnan Borgarbrautar.

Tillaga að breytingu á ofangreindu deiliskipulagi felur í sér að deiliskipulagi Giljahverfis sunnan við Borgarbraut verði breytt með því að koma fyrir nýju hringtorgi, bæta við einni nýrri byggingalóð og stækka skólalóð Giljaskóla.

Umhverfisáhrif

Samkvæmt skýrslu verkfræðistofunnar Eflu er nefnist *Niðurstöður – Skoðun á hljóðvist við hringtorg á gatnamótum Borgarbrautar og Bugðusiðu*, er þörf á mótvægisáðgerðum á áhrifasvæði gatnamóta Borgarbrautar og Bugðusiðu. Með gerð hringtorgs færast akbrautir nær húsunum við gatnamótin og þar með hækkar hljóðstigið við útvegg þeirra. Lóðamörk Núpasíðu 2 skerðast vegna tilkomu nýs hringtorgs. Á uppdrætti er fylgir tillögu að ofangreindri deiliskipulagsbreytingu kemur fram að gert er ráð fyrir hljóðvegg á lóðamörkum hússins að Núpasíðu 2 að hæð 1,7m, sem mótvægisáðgerð við breytingunni. Einnig er gert ráð fyrir hljóðvegg við lóðirnar Skessugil 1 - 5 og Skessugil 7 - 11, að hæð 1,5 m sem mótvægisáðgerð við breytingunni.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu að breytingu á deiliskipulagi Giljahverfis

Virðingarfyllt

Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun